



UPPLÝSINGAÖRYGGISSTEFNA RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

Inngangur

Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu er að setja fram áherslur félagsins í upplýsingaöryggi og persónuvernd. Grundvöllur stefnunnar eru fagviðmið um gæði og ábyrgð í mannúðarstörfum svo og grunnildi hreyfingarinnar. Rauði krossinn á Íslandi fer eftir öllum viðeigandi lögum sem gilda um stofnunina og önnur lög og reglur sem kunna að gilda. Dæmi um slík lög eru lög Rauða krossins á Íslandi, Persónuverndarlög og reglur Persónuverndar.

Umfang

- Þessi stefna tekur til allra upplýsinga sem Rauði krossinn á Íslandi vinnur með, hvort sem þær snúa að notendum, sjálfboðaliðum, stuðningsaðilum eða starfsfólki félagsins.
- Stefnan tekur til upplýsinga á öllum sniðum, hvort sem þær eru á tölvutæku formi eða ekki.
- Stefnan miðar að því að tryggja eins og hægt er öryggi upplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum vörnum.

Innihald

- Allar upplýsingar sem meðhöndlaðar eru af Rauða krossinum hafa verið flokkaðar eftir viðkvæmni og mikilvægi þeirra upplýsinga. Þetta á við á hvaða sniði sem þær upplýsingar eru.
- Rauði krossinn beitir áhættumati til að greina hvar öryggi upplýsinga getur verið stefnt í hættu og bregst við þeim áhættum með skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum.
- Rauði krossinn beitir úttektum til að staðfesta að öryggi upplýsinga sé eins og það ætti að vera samkvæmt þessum reglum.
- Aðgangur er veittur í samræmi við þarfir og starfsskyldur. Aðgangur er rýndur reglulega og aðgangur takmarkaður í samræmi við þessa stefnu og flokkun upplýsinga.
- Starfsfólk fær viðeigandi þjálfun í upplýsingaöryggi til að tryggja eins og hægt er öryggi þeirra upplýsinga sem unnið er með innan stofnunarinnar.
- Rauði krossinn hefur til staðar viðbragðsáætlanir til að bregðast við þeim atvikum sem kunna að koma upp í rekstri eða vernd upplýsinga.
- Rauði krossinn hefur eftirlit með þeim ytri aðilum sem hafa aðgang að upplýsingum stofnunarinnar og beitir úttektum þegar við á.
- Trúnaður um upplýsingar stofnunarinnar er tryggður eins og hægt er með trúnaðaryfirlýsingum starfsfólks, sjálfboðaliða og ytri aðila.
- Stofnunin vinnur að stöðugum umbótum og að læra af þeim atvikum sem upp koma til að greina tækifæri til úrbóta.



Ábyrgð og eftirlit

- Framkvæmdarstjóri Rauða krossins á Íslandi staðfestir þessa stefnu og veitir henni þann stuðning sem nauðsynlegur er til að markmið hennar náist.
- Gæðastjóri ber ábyrgð á eftirliti með að farið sé eftir þessari stefnu, í samvinnu við verkefnastjóra upplýsingatæknimála.
- Öllu starfsfólki og sjálfboðaliðum hefur verið kynnt þessi stefna. Allt starfsfólk, sjálfboðaliðar og aðrir nauðsynlegir aðilar hafa fengið viðeigandi þjálfun í upplýsingaöryggi og meðferð upplýsinga hjá Rauða krossinum.
- Stjórnendur Rauða krossins veita þessari stefnu nauðsynlegan stuðning til að tryggja að hún nái markmiðum sínum.

Endurskoðun

- Gæðastjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé rýnd og viðhaldið í samvinnu við verkefnastjóra upplýsingatæknimála. Þessi stefna skal endurskoðuð ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti eða þegar stærri breytingar koma til sem krefjast endurskoðunar.

Tengd skjöl

Númer skjals	Heiti	Útgáfa
	Gæðastefna Rauða krossins	1.0
	Persónuverndarstefna	Í endurskoðun
	Áhættustefna	Óútgefin
	Vafrakökustefna	1.0

Skilgreiningar

Hugtak	Skilgreining
Skipulagslegar og tæknilegar ráðstafanir	Dæmi um skipulagslegar ráðstafanir geta verið innleiðing stefnu, regla eða verklags til að bregðast við áhættu. Tæknileg ráðstöfun getur verið innleiðing á nýrri tækni sem eykur öryggi upplýsinga sem unnið er með eða takmarkar aðgang óviðkomandi að upplýsingum.

Útgáfusaga

Útgáfa	Dagsetning	Breytingar
--------	------------	------------

Samþykkt af stjórn Rauða krossins á Íslandi 07/04/2022